



Framkvæmda- fréttir

11. tbl. / 12



Suðurstrandarvegur
vígsla 21. júní 2012

Undirbúningur verksins

Undirbúningur að lagningu Suðurstrandarvegar hófst hjá Vegagerðinni á árinu 1996, þegar Vegamálastjóri skipaði hönnunarhóp sem skildi hafa umsjón með hönnun vegarins milli Grindavíkur og Þorlákshafnar, ásamt athugun á þeim tveim ófullgerðu vegum sem honum tengdust þ.e. Krýsuvíkurvegi og Nesvegi vestan Grindavíkur. Í vinnuhópnum voru eftirtaldir: Eymundur Runólfsson forstöðumaður áætlanaeildar Vegagerðarinnar, Jónas Snæbjörnsson umdæmisstjóri Reykjanesumdæmis og Steingrímur Ingvarsson umdæmisstjóri Suðurlandsumdæmis. Með vinnuhópnum starfaði starfsmaður af veghönnunardeild Valtýr Þórisson og var hann verkfnisstjóri með öllum undirbúningi og hönnun.

Mat á umhverfisáhrifum

Verkfræðistofan Línuhönnun sá um umhverfismatsskýrslu undir umsjón Vegagerðarinnar og var byrjað á þeirri vinnu á árinu 2000. Þann 15. júní 2001 féllst Skipulagsstofnun á tillögu að matsáætlun með athugasemdum en tillaga var fyrst lögð fram í janúar 2001. Matsskýrsla var svo lögð fram í

október 2003 og úrskurður Skipulagsstofnunar lá fyrir 26. maí 2004, þar sem fallist var á framkvæmdina með skilyrðum en lagst gegn framkvæmdakosti að hluta.

Verkframkvæmd

Vegurinn er 57 km langur frá Grindavík í vestri að Þorlákshöfn í austri. Liggur hann um þrjú sveitarfélög en þau eru Grindavík, Hafnarfjarðarbær og sveitarfélagið Ölfus.

Markmið framkvæmdarinnar var að byggja upp varanlega og örugga vegatengingu milli Suðurlands og Suðurnesja til hagsbóta og öryggis fyrir atvinnulíf og íbúa á svæðunum. Auk þess að auka umferðaröryggi með vegi sem uppfyllir nútíma veggönnunarreglur og leggja bundið slitlag á veginn.

Vegurinn er 7,5m breiður. Hann liggur að mestu á láglandi en fer hæst í rúmlega 120 m hæð þar sem hann fer um Festarfjall. Fyrstu þrjú kílómetra af veginum út frá Þorlákshöfn til vesturs er hann þó 8,5 m breiður.

Aðgengi ferðafólks er nú stórbætt að svæði með stórbrotna náttúruvegurð og mikið útivistargildi. Auk þess gefur nýr Suðurstrandarvegur fyrirtækjum í ferðaþjónustu möguleika á

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 11. tbl. 20. árg. nr. 589 25. júní 2012

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

að bjóða upp á áhugaverða tengingu og hringferðir frá Keflavíkurlugvelli að mikið sóttum ferðamannastöðum á Suðurlandi. Gamli vegurinn verður að mestu afhentur sveitarfélögum sem hafa lögsögu yfir svæðinu og gert er ráð fyrir að hann nýtist m.a. sem reiðvegur. Þar sem nýi vegurinn er í legu gamla vegarins hefur verið lagður sérstakur reiðvegur.

Umferðarteljarar voru settir á veginn á tveimur stöðum nú í vor þ.e. við Festarfjall austan Grindavíkur og í Selvogi. Mesta umferð á veginum hingað til var 10. júní sl. 777 bílar við Festarfjall en 761 bílar við Selvog þann 28. maí. Út frá þeim mælingum sem hafa staðið yfir síðan í lok apríl hefur sólarhringsumferð verið áætluð um 350 bílar við Festarfjall og um 300 bílar um Selvog.

Áætlað efnismagn í veginn er um 1.400.000 m³ af efni þar sem um 600.000 m³ voru sótt í skeringar í vegstæðinu og um

800.000 m³ í námur. Efni í veginn var tekið úr 13 námum sem nú hefur að mestu verið gengið frá aftur, auk þess sem gengið var frá tveimur eldri námum á svæðinu. Leitast var við að nýta fyrirbyggjandi vegi sem mest og lagningu nýrra námuvega haldið í lágmarki.

Landgræðsla

Frá árinu 2001 hafa Vegagerðin og Landgræðslan unnið að því að binda lausan jarðveg á sandsvæðunum vestan Þorlákshafnar með það að markmiði að koma í veg fyrir sandfok yfir fyrirhugaðan Suðurstrandarveg og skapa skilyrði fyrir varanlegan gróður. Er með þessu reynt að koma í veg fyrir skemmdir á ökutækjum af völdum sandfoks og lokun vegarins. Mjög góður árangur hefur náðst í þessu verkefni miðað við aðstæður og sandfok hefur minnkað verulega.

Beitarhólf

Í stað þess að girða með veginum var ákveðið í samstarfi við samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og í Ölfusi að girða sérstakt beitarhólf í Selvogi þar sem bændur í neðanverðu Ölfusi hafa heimild til að beita sauðfé sínu. Var þetta liður í því að friða landnám Ingólfs gegn ágangi sauðfjár og er lausaganga þess í Ölfusi bönnuð eins og á höfuðborgarsvæðinu. Girt var um 36 km löng rafmagnsgirðing sem tengist við gamla landgræðslugirðingu og er beitarhólfid um 10 þús. ha. að stærð. Vegagerðin annast viðhald þessarar girðingar samkvæmt samkomulaginu.

Áfangaskipti framkvæmdar

Framkvæmdinni var skipt í fjóra verk-áfangi.

1. áfangi. Á árinu 2005 var byrjað á fyrsta áfangi verksins sem var lagning um 5,7 km langs vegar frá Hrauni austan Grindavíkur að Ísólfskála um Festarfjall. Verktaki var Háfell ehf. og lauk framkvæmdum á árinu 2006. Undirverktaki var Slitlag ehf. sem sá um lagningu klæðningar.

2. áfangi. Á árinu 2006 var unnið við framkvæmdir við Þorlákshöfn sem fólust í færslu Þorlákshafnarvegar á um 1,5 km kafla og nýrri vegtengingu inn í þorpið, bæði að hafnarsvæði og inn að miðbæ bæjarins, ásamt gerð hringtorgs. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.

3. áfangi. Árið 2008 voru svo boðnar út framkvæmdir við 33,6 km langan kafla frá Þorlákshöfn að Krýsuvíkurvegi, ásamt smíði 12 m langrar brúar á Vogsós neðan Hlíðarvatns í Selvogi. Framkvæmdir hófust í lok þess árs og fyrsti áfangi þessa verks var tekinn í gagnið sumarið 2009 þegar lokið var við að leggja klæðingu á veginn frá Þorlákshöfn að Selvogi og var svo næsti áfangi tekinn í gagnið í lok sumars 2010 en þá var komin klæðing að Herdísarvík frá Þorlákshöfn. Framkvæmdum við allan framkvæmdakaflann lauk svo að mestu í lok október mánaðar 2011 en seinna lag klæðingar var lagt á þennan kafla nú í vor. Verktaki var KNH ehf. en

helstu undirverktakar voru Borgarverk sem sá um lagningu klæðingar, Tak ehf. sem sá um efnisvinnslu og Geirnaglinn ehf. sem sá um byggingu brúar á Vogsós.

4. áfangi. Haustið 2010 voru svo loks boðnar út framkvæmdir við síðasta áfanga verksins sem er um 14,6 km langur kafla frá Herdísarvík að Krýsuvík og var byrjað á framkvæmdum í desember 2010. Framkvæmdum lauk að mestu við þennan áfanga í lok október 2011 sem er tæpu ári á undan áætlun en gert var ráð fyrir verklokum um miðjan septembermánuð 2012 samkvæmt útboðsgögnum. Seinna lag klæðingar var lagt á þennan kafla nú í vor og er honum þar með að fullu lokið. Aðalverktaki er Suðurverk hf. en undirverktaki við lagningu klæðingar er Bikun ehf.

Vinnsla burðarlaga og malarefnis í klæðingu í kaflann frá Ísólfskála að Herdísarvík var boðin út sérstaklega og fór vinnslan fram í námu í Krýsuvík. Verkið var unnið á árunum 2008 og 2009 og verktaki var Fossvélar ehf. á Selfossi.

Kostnaður

Áætlaður heildarkostnaður vegna verksins er rétt tæpir 3 milljarðar kr. uppreiknað til verðlags í dag.

Þar af er kostnaður vegna mats á umhverfisáhrifum, hönnun, umsjónar og eftirlits um 200 m.kr.

Efniskostnaður er um 550 m.kr., landbætur og greiðslur fyrir efnistöku um 71 m.kr. Kostnaður Vegagerðarinnar vegna heftingar sandfoks á sandsvæðum vestan Þorlákshafnar er rúmar 90 m.kr. og vegna girðingarhólfs í Selvogi um 56 m.kr.

Helstu aðilar verksins

Vegagerðin á Suðursvæði sem er verkkaupi hafði umsjón með undirbúningi og hönnun vegar og brúar, auk mats á umhverfisáhrifum.


Veghönnunardeild Vegagerðarinnar sá um verkhönnun vegar og gerð útboðsgagna. Brúardeild Vegagerðarinnar sá um hönnun brúar á Vogsós og jarðfræðideild Vegagerðarinnar sá um allan jarðfræðilegan undirbúning.

Nýframkvæmdadeild á Suðursvæði hafði umsjón með framkvæmdum. Eftirlit með framkvæmdakafla frá Þorlákshöfn að Krýsuvíkurvegi annaðist Almenna verkfræðistofan en starfsmenn Vegagerðarinnar önnuðust eftirlit með öðrum framkvæmdaáfangum og efnisvinnslu.


Selfossi 18. júní 2012. SGB



Vígsla Suðurstrandarvegar 21. júní 2012. Heiðursmenn Vegagerðarinnar Guðjón Ingi Jónsson og Guðmundur Ingi Guðjónsson og skæravörðurinn Ólöf Rún Óladóttir frá Grindavík.



Vígsla Suðurstrandarvegar 21. júní 2012. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra klippir á borða en honum til aðstoðar er Hreinn Haraldsson vegamálastjóri.



Niðurstöður útboða

Biskupstungnabraut (35),

hringtorg við Borg í Grímsnesi 12-010

Tilboð opnuð 30. maí 2012. Gerð hringtorgs ásamt aðlögun aðliggjandi vega á mótum Biskupstungnabrautar og Sólheimavegar við Borg í Grímsnesi.

Helstu magnþölur eru:

Fyllingar og neðra burðarlag:	5.195 m ³
Efra burðarlag	1.115 m ³
Kantsteinar	600 m
Eyjar með túnþökum	490 m ²
Eyjar með steinlögðu yfirborði	575 m ²
Ljósastaurar	14 stk.
Klæðing	480 m ²
Malbik	6.110 m ²

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. september 2012.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Magnús Jónsson, Selfossi	88.841.600	148,6	29.251
4	Verktakafélagið Glaumur ehf., Garðabæ	65.687.940	109,8	6.097
3	Jákvætt ehf., Hvolsvelli	63.964.415	107,0	4.374
2	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	61.575.950	103,0	1.985
---	Áætlaður verktakakostnaður	59.800.000	100,0	209
1	Vörubílstjórastjórnun, Mjólnir, Selfossi	59.590.720	99,7	0

Norðausturvegur (85),

tenging við Vopnafjörð 12-014

Tilboð opnuð 30. maí 2012. Gerð nýrrar tengingar við þéttbýlið í Vopnafirði, alls um 2,5 km af vegum, ásamt gerð áningarstaðar og bílastæðis við kirkjugarð.

Helstu magnþölur eru:

Skeringar	10.800 m ³
- þar af bergskeringar	3.200 m ³
Fláafleygar	4.900 m ³
Fylling	44.100 m ³
Ræsi	190 m
Neðra burðarlag	14.200 m ³
Efra burðarlag	4.800 m ³
Tvöföld klæðing	22.300 m ²
Frágangur fláa	38.900 m ²
Götulýsing, skurðir	1.130 m
Hellulögn, steiptar stéttar	230 m ²
Skjólveggir, timburleiðarar	11 stk.
Gróðurbeð, þökulagning	490 m ²

Skila skal vegum með neðra burðarlagi fyrir 1. desember 2012 og öllu verkinu fyrir 1. september 2013.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	P.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	116.620.035	114,6	19.280
3	Skagfirskir verktakar ehf., Sauðárkróki	115.550.000	113,5	18.210
2	Ylur ehf., Egilsstöðum	108.613.988	106,7	11.274
---	Áætlaður verktakakostnaður	101.773.000	100,0	4.433
1	Árni Helgason ehf., Ólafstíri	97.340.150	95,6	0

Villingaholtsvegur (305), Hamarsvegur

- Sandbakk 12-041

Tilboð opnuð 30. maí 2012. Endurbýgging 2,8 km Villingaholtsvegur frá Hamarsvegi að Sandbakka, ásamt útlögn klæðingar.

Helstu magnþölur eru:

Fylling	6.950 m ³
Fláafleygar	2.530 m ³
Neðra burðarlag	6.585 m ³
Efra burðarlag	2.875 m ³
Efnisvinnsla	9.460 m ³
Tvöföld klæðing	22.280 m ²
Frágangur fláa	20.315 m ²

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. september 2012.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	B.D. vélar ehf., Reykholti	80.567.130	127,7	20.122
4	Verktakafélagið Glaumur ehf., Garðabæ	72.793.200	115,4	12.348
3	Jökullfell ehf., Kópavogi	69.755.250	110,5	9.310
2	Þjótandi ehf., Hellu	64.254.975	101,8	3.810
---	Áætlaður verktakakostnaður	63.100.000	100,0	2.655
1	Vörubílstjórastjórnun, Mjólnir, Selfossi	60.445.250	95,8	0

Auglýsingar útboða

Hringvegur (1), hringtorg við Gaulverjabæjarveg (33) 11-048

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð hringtorgs ásamt aðlögun aðliggjandi vega á mótum Hringvegur og Gaulverjabæjarvegur, rétt austan við Selfoss.

Helstu magnþölur eru:

Skeringar	5.870 m ³
Fylling og neðra burðarlag:	5.940 m ³
Efra burðarlag	660 m ³
Kantsteinar	360 m
Eyjar með túnþökum	1.200 m ²
Eyjar með steinlögðu yfirborði	190 m
Umferðareyjar	600 m ²
Umferðarmerki undirstöður	40 stk.
Ljósastaurar	12 stk.
Tvöfalt malbik	1.880 m ²
Einfalt malbik	3.330 m ²
Frágangur fláa	5.000 m ²

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. nóvember 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 26. júní 2012. Verð útboðsgagna er 6.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 10. júlí 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Strandavegur (643), Djúpvvegur - Geirmundarstaðavegur

Í þessari opnu eru birtar niðurstöður í útboði á nýlögð Strandavegar (643) frá stöð 0 við Djúpvveg innan Hrófbergs að stöð 2.800 við slitlagsenda við vegamót við Geirmundarstaðaveg í innanverðum Steingrímsfirði í Strandabyggð. Jafnframt á að leggja nýjan Stakkanesveg, af nýjum Strandavegi að Stakkanesi milli stöðva 0 og 140 og nýjan Grænanesveg, af nýjum Strandavegi áleiðis að Grænanesi, milli stöðva 0 og 260. Gera þarf varnargarð við syðri bakka Staðarár, á hluta leiðarinnar milli núverandi og nýju brúarinnar.

Á Staðará, þar sem hún þverar nýju veglínuna, hefur verið byggð ný 40 m löng tveggja akreina brú og verður hún hluti nýs Strandavegar á þessum kafla.

Lengd Strandavegar í þessu útboði er 2,8 km, Stakkanesvegur 0,14 km og Grænanesvegur 0,26 km. Strandavegur skal lagður samkvæmt vegtegund C7 en aðrir vegir samkvæmt vegtegund D samanber Veghönnunarreglur Vegagerðarinnar. Verkinu er ekki skipt í áfanga.

Útlögn beggja laga klæðingar skal lokið eigi síðar en 1. september 2013. Eftir að útlögn efra burðarlags er hafin er öll notkun vinnutækja frá vegyfirboði við frágang rofvarna, fláa undirbyggingar og fláa neðra burðarlags óheimil.

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. nóvember 2013. Allt grugg í Staðará, af völdum verktaka, er óheimilt frá 10. júlí til 15. september ár hvert.

Niðurstöður útboða

Skagafjarðarvegur (752), Svartá - Stekkjarholt 12-023

Tilboð opnuð 30. maí 2012. Endurbýgging um 8,2 km Skagafjarðarvegur frá Svartá að Stekkjarholti, ásamt útlögn klæðingar.

Helstu magnþölur eru:

Skeringar	8.100 m ³
Fláafleygar	4.700 m ³
Fylling	3.500 m ³
Ræsi	85 m
Neðra burðarlag	13.200 m ³
Efra burðarlag	9.900 m ³
Tvöföld klæðing	53.900 m ²
Frágangur fláa	65.700 m ²

Skila skal 5 km af vegi með neðra lagi klæðingar fyrir 1. september 2012 og öllu verkinu fyrir 15. júlí 2013.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Skagfirskir verktakar ehf., Sauðárkróki	84.804.600	100,7	10.105
---	Áætlaður verktakakostnaður	84.198.000	100,0	9.498
1	G. Hjálmarsson hf., Akureyri	74.700.000	88,7	0

Strandavegur (643), Djúpvvegur - Geirmundarstaðavegur 11-048

Tilboð opnuð 19. júní 2012. Endur- og nýlögð Strandavegar (643) frá Djúpvegi að Geirmundarstaðavegi í Steingrímsfjarðarbotni. Lengd Strandavegar á útboðskaflanum er 2,8 km. Aðrir vegir eru 0,4 km langir. Framkvæmdin er í sveitarfélaginu Strandabyggð.

Helstu magnþölur eru:

Fylling og fláafleygar	94.750 m ³
Rof- og slettuvörnir	9.800 m ³
Skeringar í vegstæði	63.800 m ³
- þar af bergskeringar	16.900 m ³
Bergskeringar í námum	12.700 m ³
Neðra burðarlag	11.600 m ³
Efra burðarlag	4.700 m ³
Tvöföld klæðing	21.000 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 15. nóvember 2013.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	194.600.000	100,0	46.894
5	Próttur ehf., Akranesi	190.662.060	98,0	42.956
4	Nesey ehf., Selfossi	175.000.000	89,9	27.294
3	Skagfirskir verktakar ehf., Sauðárkróki	171.957.000	88,4	24.251
2	Borgarverk ehf., Borgarnesi	166.520.000	85,6	18.814
1	Verktakafélagið Glaumur ehf., Garðabæ	147.706.200	75,9	0



Pórunn Lárusdóttir og karlakórinn Fóstbræður taka lagið í Eldborgarsal Hörpu við setningu Via Nordica mánudaginn 11. júní.

Á krossgötum - Vel heppnuð Via Nordica 2012 í Reykjavík

Fjórða hvert ár heldur Norræna vegasambandið, NVF, Via Nordica ráðstefnu. Í ár var ráðstefnan haldin á Íslandi í fyrsta sinn síðan sambandið var stofnað árið 1935. Via Nordica 2012 bar yfirskriftina „Á krossgötum“ og var haldin 11. - 13. Júní í Hörpu.

Ísland, fyrst og fremst Vegagerðin, stýrði Norræna vegasambandinu frá síðustu ráðstefnu sem haldin var í Helsinki í Finnlandi árið 2008. Það var einnig í fyrsta sinn sem Ísland stýrði starfi NVF. Var Íslandi þökkuð vönduð stjórn NVF á síðasta stjórnarfundinum en nú tekur Noregur við.

Innan NVF starfa 14 tækninefndir og tveir þemahópar. Haldnar eru málstofur og minni ráðstefnur fjögur árin á milli stóru Via Nordica ráðstefnanna, en innan nefndanna fer mest af starfi NVF fram. Þar fara fram skiptin á þekkingu og reynslu manna sem nauðsynlegt er og lagður er grunnur að undirbúningi Via Nordica.

Á Via Nordica 2012, eins og alltaf, skiluðu nefndirnar og þemahóparnir af sér fjögurra ára starfi. Þannig voru fjórar málstofur í gangi samhliða í fjórum sölum í Hörpu sem nefndirnar sáu um. Þess utan voru haldnar fimm Plenum málstofur sem haldið var utan um af dagskrárnefnd ráðstefnunnar. Sá hluti ráðstefnunnar var sameiginlegur öllum og var haldinn í Eldborgarsalnum.

Ráðstefnan hófst með mikilli opunarhátíð, með kröftugum

trommuslætti, síðan komu fram karlakórinn Fóstbræður og Pórunn Lárusdóttir ásamt hljómsveit. Þórunn var einnig kynnráðstefnunnar. Íslandsmyndir á stóra tjaldinu í Eldborg héldu athygli hinna erlendu gesta undir kröftugum kórsöngnum. Hreinn Haraldsson vegamálstjóri opnaði ráðstefnuna en einnig ávörpuðu hana innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, framkvæmdastjóri PIARCs heimsvegasambandsins, Jean-François Corté og formaður vegasambands Eyrstrasaltsríkjanna Skirmantas Skringskas.

Sænski sagnfræðingurinn Gunnar Wetterberg og Páll Skúlason prófessor í heimspeki tóku síðan við í fyrsta Plenum hluta ráðstefnunnar og spáðu í hvernig menn ættu að taka ákvarðanir um framkvæmdir í vegagerð. Í umræðum í panel bættust svo við Ögmundur Jónasson, Ingemar Skogö fyrrverandi vegamálstjóri sænsku Vegagerðarinnar og Elizabeth Deakin prófessor við Berkeley háskólann í Suður-Kaliforníu. Umræður voru líflegar.

Í öðrum Plenum hlutum ráðstefnunnar ræddu Jacques Marmy frá Road Transport Union (IRU), Lars Stenqvist aðstoðarforstjóri Scania og Þorsteinn Hermannsson og Ásgeir Ívarsson verkfræðingar frá Mannviti um hvernig umferðin verður umhverfisvænni. Núllsýnin var einnig til umfjöllunar á sameiginlegum vettvangi og hvernig hún dreifist nú um heiminn. Um hana fjölluðu þeir Dienesh Sethi frá WHO, Anders Eugensen framkvæmdastjóri hjá Volvo og Mats-Åke Belin frá sænsku Vegagerðinni þáðan sem núllsýnin er upprunnin.

Elizabeth Deakin fjallaði svo um skipulagningu samgangna (Mobility Management) í fjórða Plenum hlutanum ásamt Charlotte Vithen framkvæmdastjóra hjá dönsku Vegagerðinni sem fjallaði um umferðarstjórn (Network Operations). Í síðasta Plenum hlutanum var síðan horft til framtíðar en það gerðu þeir Tinosch Ganijneh frá háskólanum í Berlín sem fjallaði um sjálfkeyrandi bíla, Eeva Linkama frá finnska samgönguráðuneytinu sem fjallaði um nýja hugsun varðandi



Via Nordica, 1. Plenum. Frá vinstri talið: Sænski sagnfræðingurinn Gunnar Wetterberg, Elizabeth Deakin prófessor við Berkeley háskólann í Suður-Kaliforníu, Ingemar Skogö fyrrverandi vegamálstjóri sænsku Vegagerðarinnar, Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og Páll Skúlason prófessor í heimspeki. Pau spáðu í hvernig ætti að taka ákvarðanir um framkvæmdir í vegagerð.

vegagerð og samgöngur. Ari Trausti Guðmundsson setti svo endapunktinn við Plenum hlutann með umfjöllun sinni um íslenska náttúru meðal annars.

Að lokinni kynningu á vetrarráðstefnu PIARC í Andorra 2014 voru þrenn verðlaun veitt. Brúarverðlaunin að þessu sinni komu í hlut Norðmanna, en Ypsilonbrúin yfir Drammená



Ögmundur Jónasson klippir á borða til merkis um að sýningarsvæði Via Nordica sé opnað fyrir ráðstefnugesti. Honum til aðstoðar voru þrjú vegamálstjórar, Jón Rögnvaldsson, Hreinn Haraldsson og Helgi Hallgrímsson.

Via Nordica
2012



Einn af fjölmörgum básum í sýningarsvæði Hörpu.

hlaut þau. Hæfnisverðlaunin, eða Competenceprisen, fóru einnig til Noregs, til Næringslivsríngin en þau samtök einbeita sér að því að koma á sambandi milli norrænu ríkjanna um að ráða ungt fólk til starfa í tækni- og verkfræðigreinum.

Þriðju verðlaunin hlutu svo Arnar Halldórsson og Lýsi hf. en þau voru fyrir notkun á lífolú við lagningu bundins slitlags enda eru verðlaunin oft kölluð asfaltverðlaunin.

Ráðstefnunni lauk svo með lokaathöfn þar sem íslensk

náttúra var í fyrirrúmi ásamt söng Þórunnar Lárusdóttur. Hreinn Haraldsson afhenti allra síðast Terje Moe Gustavesen vegamálastjóra Noregs fundarhamar NVF til marks um það að nú hefur Noregur tekið við keflinu og mun Noregur halda Via Nordica 2016 í Prándheimi.

Á ráðstefnuna voru skráðir um 850 þátttakendur og með mökum sóttu því ráðstefnuna um 970 manns frá 18 löndum. Alls voru 54 básar á sýningu ráðstefnunnar þar sem 12 tækninefndir NVF, fjórar norrænar vegagerðir, vegasamband Eyrstrasaltsríkjanna, PIARC auk fjölda fyrirtækja sýndu frá starfsemi sinni eða ýmiskonar búnað sem tengist vegagerð. Stuðningsaðilar sýningarinnar voru Rambøll, Vectura og Colas.

Auk fimm Plenum málstofa voru haldnar 20 málstofur samhliða í fjórum söllum Hörpu. Þar kynntu tækninefndir og þemahópar meðal annars sitt fjögurra ára starf.

Formaður undirbúningsnefndar ráðstefnunnar var Þórir Ingason hjá Vegagerðinni en undirbúningur stóð í u.þ.b. fimm ár. Hann hófst nokkru áður en Ísland tók við keflinu í Helsinki. Þórir bar hitann og þungann af starfinu auk Hreins Haraldssonar vegamálastjóra og G. Péturs Matthíassonar líka frá Vegagerðinni. Þeim til aðstoðar var svo dagskrárnefndin en henni stýrði Ríkharður Kristjánsson ÍAV og auk Þóris, Hreins og G. Péturs voru í nefndinni Vegagerðarfólkið Auður Þóra Árnadóttir, Guðrún Þóra Garðarsdóttir, Birgir Guðmundsson, Nicolai Jónasson og Haraldur Sigursteinsson. Congress Reykjavík sá um annan undirbúning og vinnu við ráðstefnuna.

Á galakvöldi í Laugardalshöll þar sem matur var reiddur fram fyrir tæplega 1000 manns var Pär-Håkan Appel veitt skjal þess efnis að hann væri heiðursmeðlimur NVF en hann er sá síðasti sem fær þennan heiður þar sem verðlaunum NVF hefur nú verið breytt. Hreinn Haraldsson vegamálastjóri afhenti einnig í lokasamkvæmi undirbúningshópsins þeim Birgi Guðmundssyni og Haraldi Sigursteinssyni heiðursverðlaun NVF sem er svansstytta. En þeir eru einnig þeir síðustu innan NVF sem þau verðlaun hljóta fyrir öflugt og mikið starf í þágu NVF en báðir hafa stýrt tækninefnd á samnorræna vísu.

-gpm



Arnar Halldórsson og Lýsi hf. fengu asfaltverðlaunin en þau voru fyrir notkun á lífolú við lagningu bundins slitlags.



Plenum í Eldborg. Allir fjórir salir Hörpu voru notaðir fyrir Via Nordica ráðstefnuna.



Via Nordica 2012. Komið saman í ráðstefnulok. Heiðraðir félagar ásamt þeim sem helst komu að verki við undirbúning ráðstefnunnar. Fremri röð frá vinstri: G. Pétur Matthíasson (Vegagerðin), Birgir Guðmundsson (Vegagerðin), Lára B. Pétursdóttir (Congress Reykjavík), Hreinn Haraldsson (Vegagerðin), Ríkharður Kristjánsson (ÍAV), Haraldur Sigursteinsson (Vegagerðin), Þórir Ingason (Vegagerðin), Nicolai Jónasson (Vegagerðin). Aftari röð: Þorbjörg Þráinsdóttir (Congress Reykjavík), Bryndís Lúðvíksdóttir (Congress Reykjavík), Guðrún Þóra Garðarsdóttir (Vegagerðin), Auður Þóra Árnadóttir (Vegagerðin). Myndir með þessari grein: Brynjar Gauti Sveinsson.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeilda.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:	Opnað:	Samið:
	dagur, mánuður, ár		
12-026	Styrkingar og endurbætur á Norðvestursvæði, festun	2012	
12-013	Pingskálavegur (286) 2012	2012	
12-019	Styrkingar og endurbætur á Suðurfjarðarvegi (96) innan við Snæhvamm	2012	
12-031	Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	2012	
12-021	Borgarfjaraðrbraut (50), vegagerð um Reykjadalsá	2012	
12-030	Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður, endurútboð	2012	

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:	Samið:
12-012	Hringvegur (1), hringtorg við Gaulverjabæjarveg	25.06.12	10.07.12

11-055	Vaðlaheiðargöng, eftirlit	25.06.12	08.08.12
--------	---------------------------	----------	----------

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:	Samið:
11-048	Strandavegur (643), Djúpvegur - Geirmundarstaðavegur	29.05.12	19.06.12

12-010	Biskupstungnabraut (35), hringtorg við Borg í Grímsnesi	14.05.12	30.05.12
--------	---	----------	----------

12-014	Norðausturvegur (85), tenging við Vopnafjörð	14.05.12	30.05.12
--------	--	----------	----------

11-054	Vaðlaheiðargöng, stálbitar fyrir bráðabirgðabrá	05.09.11	27.09.11
--------	---	----------	----------

11-042	Vaðlaheiðargöng bráðabirgðabrá fyrir vinnuumferð	29.08.11	13.09.11
--------	--	----------	----------

11-018	Vaðlaheiðargöng	28.03.11	11.10.11
--------	-----------------	----------	----------

Samningum lokið	Opnað:	Samið:	Samið:
12-041	Villingaholtsvegur (305), Hamarsvegur - Sandbakki <i>Vörubilstjórafélagið Mjólnir kt. 470267-2869</i>	30.05.12	19.06.12

12-011	Styrkingar og endurbætur á Laugarvatnsvegi (37) og Bøðmóðsstaðavegi (366) <i>Bíladrangur ehf. kt. 530606-1470</i>	08.05.12	24.05.12
--------	---	----------	----------

12-038	Brú á Hvolsá (590) viðgerð steypu <i>Verkvík - Sandtak ehf. kt. 491190-1409</i>	22.05.12	11.06.12
--------	---	----------	----------

12-037	Brú á Miðá (54) viðgerð steypu <i>Verkvík - Sandtak ehf. kt. 491190-1409</i>	22.05.12	11.06.12
--------	--	----------	----------

12-040	Brú á Búlandsá (1) viðgerð steypu <i>Magnús og Steingrímur ehf. kt. 650275-0129</i>	22.05.12	11.06.12
--------	---	----------	----------

12-039	Brú á Böðvarsdalsá (917) viðgerð steypu <i>Magnús og Steingrímur ehf. kt. 650275-0129</i>	22.05.12	11.06.12
--------	---	----------	----------

12-008	Yfirlagnir á Suður-, Suðvestur- og Norðvestursvæðum 2012, malbik <i>Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. kt. 420187-1499</i>	08.05.12	31.05.12
--------	--	----------	----------

Samningum lokið, framhald	Opnað:	Samið:	Samið:
12-033	Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2012, røpave - fræsing og malbik <i>Loftorka Reykjavík ehf., kt. 571285-0459</i>	08.05.12	05.06.12

12-029	Hringvegur (1), breikkun á þverun Borgarfjarðar <i>Borgarverk ehf., 540674-0279</i>	22.05.12	19.06.12
--------	---	----------	----------

12-023	Skagafjarðarvegur (752), Svartá - Stekkjarholt <i>G. Hjálmarsson ehf., kt. 630196-3619</i>	30.05.12	19.06.12
--------	--	----------	----------

12-025	Endurbætur á Hringvegi (1) á Vatnsskarði, Vatnshlíð - Valadalsá <i>G. Hjálmarsson ehf., kt. 630196-3619</i>	22.05.12	04.06.12
--------	---	----------	----------

12-035	Svartá hjá Barkarstöðum, stálbitar <i>Stálgæði ehf., kt. 460605-0910</i>	15.05.12	12.06.12
--------	--	----------	----------

12-015	Borgarfjarðarvegur (94), um Njarðvíkurá <i>P.S. verktakar ehf., kt. 410200-3250</i>	11.04.12	09.05.12
--------	---	----------	----------

12-015	Borgarfjarðarvegur (94), um Njarðvíkurá <i>P.S. verktakar ehf., kt. 410200-3250</i>	11.04.12	09.05.12
--------	---	----------	----------

12-015	Borgarfjarðarvegur (94), um Njarðvíkurá <i>P.S. verktakar ehf., kt. 410200-3250</i>	11.04.12	09.05.12
--------	---	----------	----------

Auglýsingar útboða

Vegagerðin, fyrir hönd Vaðlaheiðarganga hf., auglýsir aftur eftir tilboðum í eftirlit með framkvæmd Vaðlaheiðarganga. Eins og fram kom í 3. tbl. Framkvæmda-frétta 13. febrúar 2012 var útboðinu þá frestað um óákveðinn tíma. Útboðið er nú auglýst að nýju með þeim breytingum sem óhjákvæmilega hafa orðið vegna frestunarinnar. Þeim aðilum sem þegar hafa keypt útboðsgögn verða send ný endurskoðuð útboðsgögn.			
---	--	--	--

Vaðlaheiðargöng, eftirlit

Vegagerðin, fyrir hönd Vaðlaheiðarganga hf., óskar eftir tilboðum í eftirlit með gerð Vaðlaheiðarganga milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals.

Jarðgöngin verða um 7,2 km löng í bergi og er breidd þeirra 9,5 m í veghæð. Heildarlengd vegskála er um 320 m. Verkið nær ennfremur til lagningar um 4,1 km af nýjum vegum. Eftirlitið nær einnig til stýrikerfis, fjarskiptakerfis, hraðamyndavéla og gjaldtökukerfis ganganna.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlut-um, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með fimmtudeginum 28. júní 2012. Verð útboðsgagna er 10.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 8. ágúst 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður þriðjudaginn 14. ágúst 2012 kl. 14:15 þar sem lesin verður upp stigagjöf bjóð-enda í hæfnismati og verðtilboð hæfra bjóðenda opnuð.

Útboðið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.